

Skipulagsskrá þessi er samkvæmt samþykkt á stofnfundi 10. maí 1988 ásamt síðari breytingum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dómsmálaráðuneytið, 30. mars 1992.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu fyrir Ísafjörð árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

**A. Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 5 000,00 á íbúð.

**B. Fyrirtæki og stofnanir.**

Sorðeyðingargjald miðast við fasteignamat:

Fasteignamat undir 5 millj. kr. . . . . .	kr. 2 000,00
Fasteignamat á milli 5 millj. og 10 millj. kr. . . . . .	kr. 7 000,00
Fasteignamat 10 millj. kr. eða meira . . . . .	kr. 12 000,00

Ef óskað er eftir að húsasorp verði hreinsað skal greiða kr. 3 000,00 fyrir hvert ílát.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

*Umhverfissráðuneytið, 6. apríl 1992.*

F. h. r.

**Páll Lindal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*